


NORÐURORKA
N Ý T T A F L

Ársskýrsla
2000



NORÐURORKA
N Ý T T A F L

Ársskýrsla 2000

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Stjórn og skipurit	4
Rekstraryfirlit 2000	5
Lykilstærðir	8
Aðveitu- og kerfisrekstur	13
Orkuöflun / -sala	15
Kalt vatn	20
Viðskiptavinir og starfsmenn	21
Ársreikningur	23

Útgefandi: Norðurorka
Umsjón: Agnar Árnason
Hönnun og umbrot: Stíll
Prentun: Alprent
Prófarkalestur: Fremri kynningarþjónusta
Ljósmyndir: Aðalsteinn Svanur Sigfússon
Myndrún, Norðurorka o.fl.

Birt með fyrirvara um prentvillur
Akureyri, 2001



Árið 2000 var ár mikilla breytinga hjá veitunum á Akureyri. Á fundi sínum þann 21. febrúar 2000 ákvað stjórn veitustofnana að sameina Hita- og Vatnsveitu Akureyrar og Rafveitu Akureyrar í eitt fyrirtæki. Áður hafði verið ákveðið að flytja starfsemi Rafveitu Akureyrar úr Þórsstíg að Rangárvöllum þar sem Hita- og Vatnsveita Akureyrar hafði aðstöðu fyrir. Sameining fjárhags tók gildi 1. janúar 2001 en sameining rekstrar og stjórnunar varð 1. ágúst 2000.

Þessar breytingar allar hafa reynt á starfsmenn. Fram til þessa hafa hlutirnir gengið vel og allir hafa lagt sig fram við að búa til starfshæfa og góða rekstrareiningu. Sameining sem þessi tekur hins vegar langan tíma og það væri mikil bjartsýni að ætla að allir erfiðleikar séu að baki.

Ég vil nota tækifærið og þakka starfsfólki Norðurorku fyrir framlag þess á þeim erfiðu tímum sem verið hafa undanfarið vegna þeirra breytinga sem sameiningin hefur haft í för með sér á störf þess og starfsumhverfi.

Stjórn veitustofnana, sem nú heitir stjórn Norðurorku, tók virkan þátt í sameiningarferlinu og hefur stutt okkur starfsmenn dyggilega.

Markmiðið með sameiningunni er að ná fram skilvirkari rekstri og bættri þjónustu í krafti stærri og öflugri veitu. Aukin skilvirkni er langtímamarkmið sem unnið verður að á næstu árum.

Það er meginverkefni Norðurorku að framleiða og dreifa vatni og orku til viðskiptavina á veitusvæðinu á sem hagkvæmastan hátt. Einnig er það mikilvægt markmið að þjónustustig fyrirtækisins sé eins og best gerist.

Markmiðum sínum hyggst Norðurorka meðal annars ná með þjálfun starfólks, þátttöku í félögum á orku- og upplýsingasviði, með þátttöku í Samorku, samtökum veitna á Íslandi, og á annan þann hátt sem þjónar hagsmunum fyrirtækisins og viðskiptavinum þess.

Norðurorka mun fylgjast grannt með þeim breytingum sem í vændum eru vegna væntanlegra raforkulaga og boðaðrar lagasetningar um hitaveitur.

Að lokum vill Norðurorka þakka viðskiptavinum sínum viðskiptin á árinu, starfsfólki sínu fyrir vel unnin störf og kjörnum stjórnendum samvinnuna.



Franz Árnason
forstjóri


Franz Árnason, forstjóri

Stjórn Norðurorku

Stjórn Norðurorku árið 2000 var þannig skipuð:

Valgerður Hrólfsdóttir, formaður
 Svavar Ottesen, ritari
 Hilmir Helgason, varaformaður
 Ásta Sigurðardóttir
 Páll Tómasson

Skipurit Norðurorku 1. mars 2001



Fjárhagsleg afkoma Hita- og Vatnsveitu Akureyrar og Rafveitu Akureyrar var í góðu samræmi við áætlanir og ekki urðu sérstök áföll í rekstri. Gengisþróun var óhagstæð hvað skuldir í erlendri mynt varðar og aukin verðbólga hafði einnig neikvæð áhrif á skuldir í íslenskum krónum. Þrátt fyrir þetta eru lán þau sem á veitunni hvíla afar hagstæð hvað vexti og annan kostnað varðar og ekki eru miklar líkur á að þeim sé hægt að breyta til bóta.

Tekjur veitnanna hækkuðu lítillega miðað við árið 1999. Gjaldskrá hitaveitu var óbreytt frá fyrra ári en gjaldskrá vatnsveitu var lækkuð í upphafi árs úr 0,16% í 0,13% af álagningarstofni. Gjaldskrá rafveitu var hækkuð um 3,16% þann 1. júlí og var það gert til að mæta hækkun á innkaupsverði raforku frá Landsvirkjun og hafði ekki áhrif til hækkunar á nettotekjur rafveitunnar. Rekstrargjöld önnur en afskriftir voru í heild lægri en áætlað hafði verið.

Tekjur Rafveitu Akureyrar voru 502,3 milljónir króna en rekstrargjöld 505,4 milljónir en þar af voru afskriftir 62,8 milljónir. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 2,7 milljónir króna og rekstrartap nam 0,3 milljónum. Handbært fé frá rekstri nam 95 milljónum króna og eignir í árslok voru alls 1.170,2 milljónir.

Aukning varð á sölu rafmagns til þjónustufyrirtækja og iðnfyrirtækja. Hins vegar dró úr sölu rafmagns til upphitunar húsa. Í heildina óx rafmagnssala um 2,54% á árinu. Kaup á raforku frá Landsvirkjun námu 135.946 GWh, þar af var ótryggt rafmagn 42.961 GWh. Kaup á raforku frá Stáltaki hf. nam 0,12 GWh og eigin framleiðsla nam 0,34 GWh.

Tekjur Hita- og Vatnsveitu Akureyrar voru 672 milljónir króna á árinu og rekstrargjöld 527,3 milljónir. Þar af voru afskriftir 327,4 milljónir. Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 129,3 milljónir króna og hagnaður nam 15,5 milljónum. Handbært fé frá rekstri var 365 milljónir króna og eignir í árslok námu 2.727,3 milljónum.

Skuldir veitunnar fara lækkandi og hafa áætlanir í skuldamálum gengið eftir þannig að framundan eru góðir tímar þó svo að skynsamlegt kunni að vera að fresta miklum lækkunum orkuverðs og greiða þess í stað skuldir hraðar niður.

Eimveitan, sem framleiðir gufu fyrir Skinnaiðnað hf. og hefur verið í eigu HVA síðan 1996, var seld Skinnaiðnaði á haustdögum þar sem Skinnaiðnaður var þá eina fyrirtækið sem keypti gufu af Eimveitunni.

Fjármál



Sameining

Þegar húsnæði Rafveitu Akureyrar við Þórsstíg var selt á árinu 1999 var ákveðið að flytja starfsemi Rafveitunnar á athafnasvæði Hita- og Vatnsveitu við Rangárvelli og voru byggingaframkvæmdir hafnar þá þegar. Framkvæmda- deild rafveitunnar var flutt að Rangárvöllum á árinu 1999 og stefnt að flutningi annarra deilda þann 1. september 2000.

Í framhaldi af því var síðan ákveðið að flytja framkvæmda- og umhverfiseild bæjarins að Rangárvöllum. Jafnframt var ákveðið að stofna eignarhaldsfélag um fasteignir á Rangárvöllum og á Norðurorka 95% í því félagi. Norðurorka leigir síðan það húsnæði sem veitan þarf af félaginu og sama gera aðrir þeir sem á svæðinu eru og verða.

Á fundi þann 7. mars 2000 samþykkti bæjarstjórn bókun stjórnar veitustofnana frá 21. febrúar 2000 svohljóðandi: "Veitustjórn leggur til við bæjarstjórn að hafinn verði undirbúningur að því að sameina orkufyrirtæki Akureyrarbæjar og taki sameiningin gildi 1. janúar 2001". Í framhaldi af þessu var Franz Árnason, hita- og vatnsveitustjóri, ráðinn til að veita hinu nýja fyrirtæki forstöðu og honum falið að undirbúa sameininguna. Einnig var ákveðið að hann tæki við stjórn rafveitu frá 1. ágúst 2000 þó að fjárhagsleg sameining kæmi ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2001.

Svanbjörn Sigurðsson, rafveitustjóri, hvarf þann 1. ágúst sl. til annarra starfa hjá Akureyrarbæ og eru honum þökkuð áratuga farsæl störf fyrir Rafveitu Akureyrar.

Ekki urðu aðrar mannbreytingar vegna sameiningarinnar þó að ýmsir starfsmenn fyrirtækjanna sem sameinuðust fengju breytt hlutverk samkvæmt skipuriti hins nýja fyrirtækis sem hlotið hefur nafnið Norðurorka. Tveir starfsmenn höfðu áður en sameining varð ákveðið að láta af störfum vegna brottflutnings og einn starfsmaður lét af störfum á árinu vegna aldurs. Þá lést Svanberg Árnason lagerstjóri, langt um aldur fram, þann 27. desember síðastliðinn. Ekki hefur verið ráðið starfsfólk í stað þeirra sem hætt hafa og gert er ráð fyrir að starfsfólki fækki fremur en hitt í framtíðinni.

Flutningi rafveitu að Rangárvöllum var að fullu lokið í september sl. Hið nýja skrifstofuhús Norðurorku var formlega tekið í notkun í október.



Alhliða uppbygging gæðakerfis fyrir Norðurorku hófst í október 2000. Bæði Hita- og Vatnsveita Akureyrar og Rafveita Akureyrar voru með gæðakerfi. Vinnan felst í því að samræma þessi kerfi og breyta þeim þannig að þau henti nýju sameinuðu fyrirtæki. Innbyggt í gæðakerfin eru öryggisstjórnunarkerfi rafveitu og Gámes-eftirlitskerfi vatnsveitu. Öryggisstjórnunarkerfi rafveitu er til að tryggja öryggi eigin raforkuvirkja og fullnægjandi stjórn á rekstri þeirra. Í öryggisstjórnunarkerfinu eru kerfisbundnar ráðstafanir sem tryggja að starfsemi sé samkvæmt öryggiskröfum laga og reglugerða og sönnur eru færðar á með skráningu. Löggildingarstofa annast skoðun á öryggisstjórnunarkerfinu. Skoðun á vegum stofnunarinnar fór fram á kerfi rafveitu 5. og 6. desember og reyndist það í góðu lagi.

Neysluvatn er skilgreint sem matvæli og þarf að uppfylla m. a. reglugerðir um innra eftirlit. GÁMES stendur fyrir kerfisbundið innra eftirlit sem byggir á greiningu áhættu og mikilvægra eftirlitsstaða. HVA fékk staðfestingu frá Heilbrigðiseftirliti Eyjafjarðar 16. desember 1998 um að fyrirtækið fullnægði kröfum Gámes eftirlitskerfisins. Eftirlitið felst fyrst og fremst í að fara með reglulegu millibili og fylgjast með vatnsverndarsvæðum, lindum/borholum, dælustöðvum, lögnum og vatnsgeymum. Þá eru tekin sýni kerfisbundið úr aðveitu- og dreifikerfi og þau greind til að fylgjast með ástandi vatnsins. Eftirlitið hefur gengið vel frá upphafi og veitt tryggingu fyrir því að íbúar Akureyrar og nágrennis eru að fá sérlega heilnæmt og gott neysluvatn.

Í árslok 1999 var stofnað Eignarhaldsfélagið Rangárvellir. Eigendur félagsins eru Norðurorka með 95% hlut og bæjarsjóður Akureyrar með 5% hlut. Stofnfé félagsins var 181 milljón króna. Félagið keypti allar fasteignir HVA á Rangárvöllum og sér um nýbyggingar á lóð sinni við Rangárvelli. Þá sér félagið um allt viðhald húsa og lóðar á Rangárvöllum, þrif á húsnæði, annast sorphreinsun og rekur mötuneyti starfsmanna.

Árið 2000 var mikið framkvæmdaár hjá Eignarhaldsfélaginu. Lokið var við að byggja nýjar skrifstofur fyrir Norðurorku, alls 621 fermetra. Eldra húsnæði var breytt þar sem meðal annars var gerð ný starfsmannaaðstaða fyrir sameiginlegt fyrirtæki, mötuneyti stækkað og nýtt eldhús innréttað. Þá var tengingangur milli eldra húss og nýbyggingar endurbyggður og innréttað rými fyrir viðhaldsdeild Akureyrarbæjar, sem flutti aðstöðu sína að Rangárvöllum.

Utanhúss var gengið frá gangstéttum og bílastæðum við nýbyggingu og lagður nýr vegur frá Hlíðarfjallsvegi að nýu skrifstofunum auk þess sem unnið var að nauðsynlegu viðhaldi mannvirkja. Ennfremur var skjólbelti plantað á norður- og austurmörk lóðar. Alls var framkvæmt á vegum Eignarhaldsfélagsins Rangárvalla fyrir um 107 milljónir króna á árinu.

*Franz Árnason
forstjóri*

Gæðakerfið



		Einingar	1999	2000
I.V	Almennar upplýsingar			
1.1	Íbúar á veitusvæði	fjöldi	15.500	15.756
1.2	Viðskiptavinir	fjöldi	7.400	7.500
1.3	Fjöldi húsveitna			
1.4	Aukavatnsmælar	fjöldi	75	75
1.5	Starfsmannafjöldi	stöðugildi	11	11
1.6		ársverk	14	14
2.0	Vatnsból			
2.1	Fjöldi vatnsbóla	fjöldi	3 svæði	3 svæði
2.2	Gerð vatnsbóla - fjöldi/áætluð afkastageta	fjöldi / l/s		
2.2.1	Grunnvatn - borholur	fjöldi / l/s	12 / 135	12/ 135
2.2.2	Brunnar	fjöldi / l/s	0	0
2.2.3	Safnlagnir	fjöldi / l/s	0	0
2.2.4	Lindir	fjöldi / l/s	18/80-250	19/60-250
2.2.5	Yfirborðsvatn, síað	fjöldi / l/s	0	0
2.2.6	Yfirborðsvatn, síað og geislað	fjöldi / l/s	0	0
2.2.7	Yfirborðsvatn	fjöldi / l/s	0	0
2.2.8	Annað (t.d. vatn keypt frá annarri veitu)	fjöldi / l/s	0	0
2.3	Áætluð heildarafkastageta vatnsbóla	l/sek	385	390
3.0	Vatnsnotkun			
3.1	Hámarksálag hjá vatnsveitu	l/sek	220	230
3.2	Meðalnotkun á sólarhring	l/sek	130	135
3.3	Næturrennsli	l/sek	60	60
3.4	Vatnssala eftir mæli	m3/ár	1.980.000	1.832.877
3.5	Áætluð vatnssala	m3/ár		
4.0	Vatnskerfi			
4.1.0	Heildarlengd aðveituæða	km	49	49
4.1.1	Plaströr	km	48	48
4.1.2	Járnsteypurör (cast iron)	km	0	0
4.1.3	Seigjárnsteypurör (ductile iron)	km	0	0
4.1.4	Stálrör	km	0	0
4.1.5	Asbeiströr	km	1	1
4.1.6	Annað/óvíst (tilgreina)	km	0	0
4.2.0	Heildarlengd dreifikerfis	km	195	199
4.2.1	Plaströr	km	185	189
4.2.2	Járnsteypurör (cast iron)	km	6	6
4.2.3	Seigjárnsteypurör (ductile iron)	km	0	0
4.2.4	Stálrör	km	0	0
4.2.5	Asbeiströr	km	4	4
4.2.6	Annað/óvíst (tilgreina)	km	0	0
4.3	Miðlun: Miðlunargeymar	fjöldi	4	4
4.4	Miðlunarrými	m3	6.000	6.000
4.5	Dæling: Dælustöðvar	fjöldi	3	3
4.6	Uppsett afl dælumótora	kW	451	451
4.7	Keypt raforka á dæling	kWh/ár	352.000	306.480
4.8	Varaafli (uppsett afl)	kW	160	160
5.0	Tekjur			
5.1	Vatnsgjald	þús. kr.	110.632	125.238
5.2	Aukavatnsgjald	þús. kr.	19.626	20.646
5.3	Meilaleiga/fastagjald	þús. kr.	190	190
5.4	Heildartekjur	þús. kr.	130.448	146.074

Rafveita		1999	2000
Stærð veitusvæðis	km²	125	125
Mannfjöldi	fjöldi	15.139	15.395
Fjöldi viðskiptavina	fjöldi		6.401
Fjöldi starfsmanna	fjöldi	25	23
Þar af v/rafveitureksturs	fjöldi	25	23
Fjöldi ársverka	fjöldi	28,5	25
Heildar launagreiðslur	Mkr	65,65	64,32
Meðallaun	Mkr	2.398	2.572
Aðveitustöðvar	fjöldi	2	2
Uppsett spennaafll	MVA	82	82
Dreifistöðvar á jörðu	fjöldi	93	95
Uppsett spennaafll	MVA	51,78	52,14
Dreifistöðvar í stólpum	fjöldi	4	4
Uppsett spennaafll	MVA	0,28	0,28
Tengiskápar	fjöldi	755	770
Götuljósastólpar	fjöldi	4.107	4.180
Afl ljósgjafa	kW	546	550
Mælitæki - heimili	fjöldi	6.494	6.615
Mælitæki - iðnaður	fjöldi	151	183
Mælitæki - annað	fjöldi	1.249	1.367
Heimtaugar - 63 A	fjöldi	2.679	2.769
Heimtaugar - 100 - 315 A	fjöldi	312	323
Heimtaugar - >400 A	fjöldi	57	60
220 kV jarð- og sæstrengir	km	0	0
132 kV jarð- og sæstrengir	km	0	0
33 - 66 kV jarðstrengir	km	4,8	4,8
6 - 11 kV jarðstrengir	km	75,2	76,3
230/400 V jarðstrengir	km	414	427,184
220 kV loftlínur	km	0	0
33 - 132 kV loftlínur	km	0	0
6 - 11 kV loftlínur	km	1,25	1,25
230/400 V loftlínur	km	10	10
Varaafll	MVA/MW	1,132/0,8	1,132/0,8
Raforkuöflun - mesta afl	MVA/MW	31,31	31,72
Raforkukaup	MWh	122.198	135.946
Eigin raforkuvinnsla	MWh	320	459
Nýtingartími raforkukaupa	klst	3.903	4.286
Heildarraforkusala	Mkr	467,4	501,7
Heildsala	Mkr	0	0
Smásala	Mkr	467,4	501,7
Heildarraforkusala	MWh	119.139	129.781
Heildsala samtals	MWh	0	0
Smásala samtals	MWh	119.115	129.781
Þar af til heimila	MWh	26.936	25.993
Þar af til iðnaðar	MWh	48.659	61.370
Þar af til landbúnaðar	MWh	624	389
Þar af til þjónustu	MWh	40.632	41.949
Annað	MWh	2.264	80
Flutningstap	%	0	0
Dreifitap	%	2,5	4,84
Nýtingartími forgangskaupa	klst.	5.439	5.209






Almennar upplýsingar		1999	2000
1.1*	Fjöldi íbúa á hitaveitusvæði	16.450	16.639
1.2	Fjöldi íbúa með hitaveitu	15.700	15.940
1.3	Fjöldi húsa tengd hitaveitu		
1.4	Rúmmál húsa á hitaveitusvæði m ³	4.360.000	4.624.481
1.5	Rúmmál húsa tengd hitaveitu m ³	3.658.400	3.838.536
1.6	Þar af íbúðir m ³	2.250.000	2.311.852
1.7	Fjöldi gjaldenda	4.456	4.546
Fjöldi húsveitna:			
1.8*	Rennslismælar	4.444	4.534
1.9*	Hemlar	10	10
1.10*	Orkumælar	2	2
1.11*	Fjöldi starfsmanna við hitaveiturstur (stöðugildi)	15	15
1.12*	Fjöldi ársverka starfsmanna við hitaveiturstur	18	18
1.13*	Fjöldi ársverka verktaka við hitaveiturstur	10	7

Orkuöflun		1999	2000
Fjöldi virkjaðra borhola:			
2.1*	Með djúpdælu	9	10
2.2*	Án djúpdælu	1	1
2.3*	Fjöldi virkjaðra hvera eða lauga	0	0
2.4*	Uppsett afl á jarðhitasvæðum 1) MW	54	58
2.5	Vatnsmagn tekið úr jarðhitakerfum á árinu m ³	4.015.733	4.225.575
2.6	Meðalvatnshiti á holutoppi eða frá hver/laug C	88	89
Lengd safn- og aðveituæða:			
2.7	Stál m	32.200	32.285
2.8	Asbest m		
2.9	Plast m	11.800	11.800
2.10	Samtals m	44.000	44.085
Rafskautsketill:			
2.11	Uppsett afl MW	4,4	4,4
2.12	Raforkunotkun á árinu GWh	5,6	5,36
Olíuketill:			
2.13	Uppsett afl MW	12	12
2.14	Olíunotkun á árinu lítrar	0	0
2.15*	Aðkeypt heitt vatn sem hitav. vinnur ekki sjálf m ³		
Önnur orkuöflun:			
2.16*	Uppsett afl MW	4	
2.17*	Orkuvinnsla á árinu 2) Tj	29	




Dreifikerfi og dælustöðvar		1999	2000
3.1*	Uppsett afl í dreifikerfi (aflgeta) 1) MW	72	72
3.2*	Hámarksálag inn á dreifikerfi á árinu 1) MW	46,5	45,8
3.3	Vatnsmagn inn á dreifikerfi á árinu m ³	4.573.330	4.735.928
3.4	Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C	78	78
3.5	Áætlaður meðalvatnshiti til notenda °C	74	72
3.6*	Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi á árinu 2) TJ	949	963
Hlutfall orkuvinnslu:			
3.7	Jarðhiti %	95	95,6
3.8	Rafmagn %	2	4,4
3.9	Olía %		
3.10	Annað %	3	
3.11*	Fjöldi dælustöðva (ekki djúpdælur)	5	5
3.12	Heildarafli dæla (dælustöðvar og djúpdælur) KW	2.253	2.363
3.13	Rafm.notkun á dælur (dælust. og djúpdælur) MWh	7.141	7.370
3.14	Miðlunarrými m ³	7.500	7.500
Lengd dreifikerfis:			
3.15	Stál m	221.800	223.925
3.16	Asbest m	0	0
3.17	Plast m	3.989	6.551
3.18	Samtals m	225.789	230.476
3.19	Lengd endurnýjaðra lagna á árinu m	153	164
3.20	Vatnsmagn í rörum í dreifikerfi (rúmm. kerfis) m ³		
3.21	Áfylling á dreifikerfi (á einungis við RO-veitur) m ³		
Hlutfall dreifikerfis (skurðlengd):			
3.22	Einfalt %	65	65
3.23	Tvöfalt %	35	35



- 1) Afl í MW = (Mesta rennsli í l/s) x (vatnshiti frá jarðhitasvæði/dælustöð -35°C) x 0,00407
- 2) Orka í TJ = (Vatnsmagn inn á dreifikerfi yfir árið í m³) x (vatnshiti inn á dreifikerfi -35°C) /2458
Ath.: Orka í TJ = 3,6 x Orka í GWh
Bakrásarvatn er 27°C og er sú tala notuð við útreikninga





Vatnssala	1999	2000
4.1 Almenn sala		
Fjöldi húsveitna	4.442	4.532
Sala um mæla m ³	4.222.084	4.167.501
Vatnsgjöld kr.	407.937.152	429.328.313
Fastagjöld kr.	51.736.502	53.023.162
Heildartekjur kr.	459.673.654	482.351.475
4.2 Snjóbræðsla		
Fjöldi húsveitna	1	1
Heildartekjur kr.	3.206.385	3.353.652
4.3 Almenningsundlaugar		
Fjöldi húsveitna	2	2
Sala um mæla m ³	183.435	197.334
Vatnsgjöld kr.	18.569.941	20.325.402
Fastagjöld kr.	823.864	2.037.694
Heildartekjur kr.	19.393.805	22.363.096
4.4 Gróðurhús		
4.5 Iðnaðarnotkun		
Heildartekjur kr.	8.837.750	6.979.500
4.6 Fiskeldi		
4.7 Heildsala		
Fjöldi húsveitna	1	1
Sala um mæla m ³	9.960	
Vatnsgjöld kr.	407.725	352.672
Fastagjöld kr.	312.531	329.544
Heildartekjur kr.	720.256	682.216
4.8 Annað		
Fjöldi húsveitna		
Sala um mæla m ³		123.546
Vatnsgjöld kr.		
Fastagjöld kr.		90.956
Heildartekjur kr.		90.956
4.9 Heildarsala		
Fjöldi húsveitna	4.446	4.536
Sala um mæla m ³	4.415.479	4.488.381
Vatnsgjöld kr.	426.914.818	450.006.387
Fastagjöld kr.	52.872.897	55.481.356
Heildarsala kr.	491.831.850	515.820.895
Annað		
Heildarorkuframleiðsla GWst.		290,84
Rúmmetrar vatns á íbúa á ári		288
Fjöldi viðskiptavina		4.168



Verslunarmiðstöð var reist á Gleráreyrum á árinu. Byggja þurfti nýja aðaldælustöð fyrir bakrásarvatn þar sem ekki náðist samkomulag um að hafa gömlu stöðina þar sem hún var á Gleráreyrum. Dælustöð þessi dælir vatni frá neðra kerfi veitunnar upp í kyndistöð við Þórunnarstræti og er nauðsynlegur hlekkur í orkuöflunarkerfi hitaveitunnar. Vegna lagna í jörð, sem eru takmarkandi fyrir staðsetningu stöðvarinnar, var besti staðurinn sem til greina kom fyrir hina nýju dælustöð á horni Glerárgötu og Þórunnarstrætis. Þar sem stöðin er á áberandi stað var ákveðið að vekja athygli á henni með sérstæðu byggingarlagi og geta vegfarendur séð innviði hennar í gegn um stóra glugga. Dælustöðin er teiknuð af Gísli Kristinssyni arkitekt hjá arkitektastofunni Arkitektur.is. Þessi framkvæmd var mjög kostnaðarsöm, einkum vegna flutnings á lögnum er tengja dælustöðina við bakrásarkerfi Miðbæjar, Oddeyrar og neðri hluta Glerárhverfis. Heildarkostnaður við framkvæmdina varð rúmar 18 milljónir króna og er tæplega helmingurinn vegna breytinga á lagnakerfum. Þetta var stærsti einstaki kostnaðarliður við dreifikerfin.

Framkvæmdir í dreifikerfi hitaveitu voru verulegar. Haldið var áfram með 150/125 mm stofnlagnir hitaveitu í Nesjahverfi en gert er ráð fyrir að allt hverfið tengist við bakrásarkerfi veitunnar. Unnið var við tengingar húsa í Gilja- og Teigahverfi. Hitaveitukerfið lengdist um 4.687 metra og vatnsveitukerfið um 4.398 metra. Settir voru upp 7 nýir brunahanar.

Helstu framkvæmdir í raforkudreifikerfinu voru vegna bygginga á nýjum hverfum í bænum, Teigahverfi og Nesjahverfi. Þá þurfti að færa spennistöð vegna byggingar Glerártorgs og setja upp aðra spennistöð fyrir húsið. Endurnýjaðir voru gamlir háspennustrengir á Eyrinni. Í götuljósakerfinu var haldið áfram að endurnýja ljóssker og sett ljóssker með gulri birtu sem nota minni orku, en þau sem fyrir eru, fyrir sama ljósmagn. Rafveitukerfið lengdist um 376 metra, settir voru upp 73 nýir ljósastaurar og 2 nýjar spennistöðvar. Viðbætur dreifikerfis rafveitu kostuðu tæpar 56 milljónir króna.

Kostnaður við viðbætur hitaveitudreifikerfis, fyrir utan kostnað vegna dælustöðvar á Gleráreyrum, varð rúmar 22 milljónir króna. Kostnaður við nýframkvæmdir í vatnsveitukerfi varð 16,5 milljónir króna. Tengd voru 83 hús, flest við öll veitukerfin.

Unnið var að viðhaldi samkvæmt áætlunum og bilanir koma ávallt upp. Gert var við 30 bilanir í heitavatskerfum, 80 bilanir í rafkerfi og 57 bilanir í vatnsveitukerfi. Viðhald dælubúnaðar hitaveitu er ávallt nokkurt og eru djúpdæluskipti viðvarandi og kostnaðarsamur liður. Aðrar dætur í kerfunum þurfa einnig sitt viðhald. Sama má segja um spennastöðvar rafveitu svo og ljósastaura. Greinibrunnar hitaveitukerfis og brunahanar vatnsveitu þurfa stöðugt viðhald.

	Háspennukerfi	Láspennukerfi	Samtals
	MWh	MWh	MWh
Fyrirvaralausar truflanir	1,3	1,3	2,5
Skipulagt viðhald	4,2	2,8	7,0
Samtals	5,5	4,0	9,5

Meðalstraumleysi 30 mínútur

Framkvæmdir við dreifikerfi



Viðhald

Orkuskerðing vegna truflana á rafveitukerfi Norðurorku 2000

Heitavatnsöflun



Þrátt fyrir að vatnsbúskapur hitaveitu hafi batnað nokkuð á síðustu árum, þarf að halda áfram leit að heitu vatni, einkum ef fólki fjölgar og upphitað húsrými eykst svipað og verið hefur síðustu árin á veitusvæði Norðurorku.

Boraðar voru nokkrar grunnar rannsóknaholur sem og nokkrar dýpri á árinu. Einkum var borað við Sigtún í Eyjafjarðarsveit og við Laugaland á Þelamörk. Verktaki við þessar boranir var Alvarr ehf. Í framhaldi af þessum borunum var ákveðið að bora djúpar rannsókn- og vinnsluholur á framangreindum stöðum. Samið var við Jarðboranir hf. um boranirnar.


Borhola STS-16 á Sigtúnum var boruð með bornum Sleipni niður á 1.000 metra dýpi en vegna hruns í holunni var hætt við frekari borun í bili. Verulegur hiti mældist í holunni en of snemmt er að fullyrða að það stafi af návist umtalsverðs magns af heitu vatni. Holan nýtist vel til mælinga, m.a. hvað varðar rannsóknir á tengslum við önnur jarðhitasvæði, einkum Laugalandssvæðið.

Borhola LPNS-10 á Laugalandi á Þelamörk, sem Jarðboranir hf. boruðu fyrir veituna 1992 með bornum Narfa niður á 914 metra dýpi, var dýpkuð og skáboruð með bornum Sleipni niður á 1.700 metra. Árangur af boruninni var það góður að ákveðið var að fódra holuna niður á 400 metra dýpi og virkja hana síðan. Byggt var dæluhús og jöfnunartankur og komið var fyrir dælu á 250 metra dýpi í holunni. Lagðar voru lagnir frá dæluhúsinu í dælustöð. Þegar virkjað var á Laugalandi 1994 var byggð dælustöð og lögð aðveituað til bæjarins. Þessi mannvirki voru við það miðuð að flytja mætti frá svæðinu til Akureyrar allt að tvöfalt það vatnsmagn sem fannst við boranir á árunum 1989-1992. Dæling úr nýju holunni hófst í nóvember og hefur verið dælt um 20 l/s af 103°C heitu vatni að meðaltali úr henni síðan. Þessi vatnshiti er meiri en áður hefur fundist í Eyjafirði og hærri en búist var við. Það ásamt meira vatnsmagni gefur vonir um að vinna megi á svæðinu a.m.k. 80% meiri orku en áður. Þetta bætir heildarorkuöflun hitaveitunnar um 6-7%.

Vinnsla á öðrum svæðum var með svipuðu sniði og undanfarin ár auk þess sem niðurdæling bakrásarvatns í jarðhitasvæðið að Laugalandi var haldið áfram. Heildarniðurdæling ársins var 495.000 rúmmetrar sem er um 12,5% þess vatnsmagns sem dælt var upp úr vinnslusvæðum veitunnar á árinu.


Orkustofnun annaðist að vanda ýmsar rannsóknir, bæði í tengslum við boranir og annað svo sem jarðfræðikortagerð sem unnið hefur verið að undanfarin ár. Heildar rannsókn- og borkostnaður var rúmar 96 milljónir króna sem kann að þykja mikið en ef væntingar um orku úr borholu LPNS-10 standast er um mjög ódýra virkjun að ræða.





Vatnsöflun hitaveitu

4.710.180 m³




Dæling á heitu vatni
Lítrar á sekúndu


Hámark 217,7

Meðaltal 150,2

Lágmark 69,8



Raforka til dælingar
á heitu vatni




Raforkukaup frá Landsvirkjun

	Samtals				Ótr. rafmagn		Forgangsrafm.	
	MWh	Mvarh	cos(phi)	MW	MWh	MW	MWh	MW
Jan	12.405	3.671	0,959	29,33	3.580	13,73	8.825	16,01
Feb	12.778	3.796	0,959	30,61	4.758	15,17	8.020	15,86
Mar	12.987	3.924	0,957	28,91	4.297	13,42	8.690	15,62
Apr	9.585	2.851	0,958	28,61	2.301	13,37	7.284	15,43
Maí	9.241	2.980	0,952	26,44	2.358	13,19	6.883	14,79
Jún	12.856	3.666	0,962	29,97	6.522	16,36	6.334	13,99
Júl	12.062	3.630	0,958	27,59	5.592	14,10	6.470	14,01
Ágú	8.771	2.895	0,950	20,64	2.221	9,03	6.550	14,11
Sep	9.408	3.110	0,949	27,86	2.320	13,28	7.088	15,06
Okt	10.567	3.394	0,952	28,31	2.423	12,75	8.144	15,65
Nóv	12.437	3.696	0,959	31,72	3.550	15,81	8.887	16,45
Des	12.849	3.697	0,961	28,90	3.039	12,20	9.810	17,85
Samtals	135.946	41.310			42.961		92.985	

Raforkukaup


Forgangsorka
93.000 MWh

Ótryggt rafmagn
43.000 MWh



Aflkaup frá Landsvirkjun í MW

Forgangsorka



Önnur raforkukaup

Önnur raforkukaup


Eigin framleiðsla 342 MWh
Stáltak hf. 117 MWh

Áskrift og yfirafl

1998 15,07 MW
1999 15,66 MW
2000 15,54 MW

Raforkuviðskipti - Söluskýrsla árið 2000

Taxtar	Sala kWst	Orkugjald kr.	Aflgjald kr.	Samtals kr.
Almenn notkun A1	45.988.488	253.121.954		253.121.954
Víkjandi orka A2	1.283.360	5.070.199		5.070.199
Mannvirkjagerð A3	753.413	4.112.331		4.112.331
Afl- og orkumæling B1	20.234.620	51.819.271	36.493.424	88.312.695
Afl- og orkumæling 11 kV B2	4.999.800	11.479.548	12.519.544	23.999.092
Afltaxti hemill B4			78.247	78.247
Rofin daghitun C1°	6.536.522	20.244.801		20.244.801
Rofin næturhitun C3°	75.160	172.826		172.826
Rofin iðnaðarhitun C4	2.953.547	9.184.517		9.184.517
Órofin iðnaðarhitun C5	297.861	1.639.284		1.639.284
Rofin iðnaðarnæturhitun C6	0	0		0
Blönduð notkun C7°	201.638	711.478		711.478
Ótryggt rafmagn D1	6.211.940	7.676.844		7.676.844
Ótryggt rafmagn D2	1.744.800	1.558.638		1.558.638
Ótryggt rafmagn D3	1.770.000	2.198.150		2.198.150
Ótryggt rafmagn D4	22.234.950	20.132.913		20.132.913
Ótryggt rafmagn D5	5.211.000	4.542.060		4.542.060
Ótryggt rafmagn D6	5.788.000	5.712.560		5.712.560
Ótryggt rafmagn D8	3.400	4.123		4.123
Háálagsgjald D9	95.324	1.968.873		1.968.873
Íþróttamannvirki E1	187.158	826.057		826.057
Höfnin E2	933.058	3.327.934		3.327.934
Fast gjald			25.269.310	25.269.310
Aukagjöld				408.989
Virðisaukaskattur				114.944.692
Endurgreiddur VSK 63%				-2.281.852
Samtals söluskýrsla	127.504.039	405.504.361	74.360.525	592.936.715
Dráttarvextir				3.896.892
Samtals				596.833.607



Raforkusala sundurliðun í MWh

Samanburður á raforkusölu í kWh 1999 og 2000

Öll raforkusala
meðalverð
3,74 kr/kWh

Forgangsorka
meðalverð

1999


Kaup 3,30 kr/kWh
Sala 4,94 kr/kWh

2000

Kaup 3,37 kr/kWh
Sala 5,10 kr/kWh

Taxti	1999	2000	%
A1 Almenn notkun	45.063.936	45.988.488	2,05%
A2 Víkjandi orka	832.560	1.283.360	54,15%
A3 Mannvirkjagerð	802.540	753.413	-6,12%
B1 Afl- og orkumæling	18.985.334	20.234.620	6,58%
B2 Afl- og orkumæling 11 kV	3.806.350	4.999.800	31,35%
C1 Rofin daghitun	8.178.970	6.536.522	-20,08%
C2 Rofin næturhitun	77.253	75.160	-2,71%
C4 Rofin iðnaðarhitun	2.923.064	2.953.547	1,04%
C5 Órofin iðnaðarhitun	413.304	297.861	-27,93%
C6 Rofin iðnaðarnæturhitun	5	0	
C7 Blönduð notkun	337.667	201.638	-40,28%
D9 Há-álag	70.646	95.324	34,93%
E Annað	955.268	1.120.216	17,27%
D Ótryggt rafmagn	33.809.570	42.964.090	27,08%
Samtals	116.256.467	127.504.039	9,67%
Samtals forgangsorka	82.446.897	84.539.949	2,54%


Sundurliðun á raforkusölu eftir notendum




Skýringar:


1. Fóðurframleiðsla, búrekstur, skógrækt o.fl.
2. Matvælaíðnaður, svo sem fiskfrysting, mjólkuriðnaður, brauðgerð, drykkjarvörur o.fl.
3. Iðnaður, svo sem vefjariðnaður, leðuriðnaður, fiskimjölsíðnaður, skipasmíðar o.fl.
4. Almenningsveitur og opinber stjórnsýsla, svo sem sjúkrahús, vistheimili, skólar o.fl.
5. Viðskipti, handiðnir og þjónusta önnur en opinber svo sem verslanir, veitingahús o.fl.
6. Götu- og hafnarlýsing ásamt rafmagni til skipa.
7. Almenn heimilisnotkun.
8. Rafhitun íbúðarhúsnæðis.

Raforkusala í MWh 1922 - 2000







Þróun raforkusölu í MWh



Heildarvatsvinnsla á heitu vatni

Orkunotkun, orkupörf og orkumáttur hitaveitu






Kalt vatn

Á árinu var tekið í notkun nýtt stjórnkerfi fyrir vatnsveitukerfið. Skal það byggt á því að fullnýta það vatn sem veitan hefur yfir að ráða frá tveimur vatnslindarsvæðum í Hlíðarfjalli, Hesjuvallalindum og Glerárdalslindum. Til þess að anna viðbótarþörf hefur veitan yfir að ráða vatnsbólum að Vöglum í Hörgárdal. Stjórnun vatnsveitukerfisins er til að tryggja að lágmarksvatnsmagn sé til staðar í miðlunargeymum á Akureyri sem eru fjórir með samtals 6000 m³ miðlunarrým. Kerfinu er stjórnað með IGSS skjástýrikerfi.

Kaldavatnsöflun


Hlíðarfjall
4.563.647 m³

Vaglir
445.320 m³



Kaldavatnsöflun, þróun

Samanburður
á milli ára



Kaldavatnsöflun

Litrar á sekúndu					
	1996	1997	1998	1999	2000
Frá Hlíðarfjalli	98	115	135	142	144
Frá Vöglum	32	30	9	14	14
Heild	130,0	145,0	144,0	156,0	158,0

Viðskiptavinir Norðurorku eru fyrst og fremst á Akureyri og nágrenni. Sala á heitu og köldu vatni fer fram á Akureyri og einnig í næsta nágrenni á svæðinu frá þelamörk að Hrafnagili. Rafmagn frá Norðurorku er eingöngu selt á Akureyri. Skipta má viðskiptavinum á Akureyri í nokkra hópa og í atvinnustarfsemi er skiptingin eins og meðfylgjandi súlurit sýnir, en eðlilega eru heimilin stærsti viðskiptavinahópurinn.

Viðskiptavinir leita mikið til fyrirtækisins og þá sérstaklega í sambandi við orkunotkun, nýtingu á orku, orkuverð, heimlagnir o.fl. Reglulega er skipt um sölumæla hjá viðskiptavinum og er það ýmist framkvæmt af starfsmönnum Norðurorku eða verktökum. Lögð er áhersla á að samskipti við viðskiptavini séu góð og þar sem oft þarf að vinna í húsnæði viðskiptavina er lögð rík áhersla á að umgengni sé til fyrirmyndar.

Starfsmenn Norðurorku hafa ákveðið, að á næsta ári verði stofnað starfsmannafélag sem á að stuðla að samstöðu og samheldni meðal starfsmanna. Einnig á það að standa fyrir ferðalögum, hvers konar uppákomum og fagnaði sem leitt getur til ánægjulegri starfsanda og betri vinnustaðar sem og efla möguleika fjöskyldna starfsmanna til að vera með í skemmtun og leik. Við sameiningu Hita- og Vatnsveitu Akureyrar og Rafveitu Akureyrar í eitt fyrirtæki varð til fyrirtæki með um 50 starfsmenn.

Viðskiptavinir




Starfsmannafélag Norðurorku




Viðskiptavinir

Viðskiptavinir

- Matvælaíðnaður
- Annar iðnaður
- Opinber þjónusta
- Önnur þjónusta



Fjöldi heimila á Akureyri




Notkun á íbúa árið 2000

Kalt vatn	m ³	301
Rafmagn	kWh	8.438
Heitt vatn	m ³	288

Neysluveitur Rafveita	1999	2000
Neysluveitur, samtals	7.129	7.352
Tilkynningar og tengibeiðnir	322	345
Tengdar neysluveitur	106	187
Heimtaugar, nýjar, breyttar	56	116
Uppsett mælitæki	218	159
Mælitæki alls	7.893	8.165

Seldar kWh á íbúa Meðaltal





NORÐURORKA
NÝTT AFL

Ársreikningur 2000



Skýringar við ársreikningana, sem vísað er til á nokkrum stöðum, eru ekki prentaðar í þessari skýrslu. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Norðurorku.



Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Tap varð af rekstri veitunnar á árinu 2000 að fjárhæð 0,3 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé veitunnar í árslok nam 907,0 millj. kr. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Rafveitu Akureyrar staðfesta hér með ársreikning veitunnar fyrir árið 2000 með undirritun sinni.

Akureyri, 8. mars 2001,

Í stjórn veitunnar:

Valgerður Höfðadóttir
Svavar Ottósen
Ásta Sigurðardóttir
Hilmin Helgason
Páll Tómasson

Framkvæmdastjóri:

Manbjörn Þrautmann
Tranz Amosson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Rafveitu Akureyrar

Við höfum endurskoðað ársreikning Rafveitu Akureyrar fyrir árið 2000. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 16. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum veitunnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu veitunnar á árinu 2000, efnahag hennar 31. desember 2000 og breytingu á handbæru fé á árinu 2000, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Akureyri, 8. mars 2001,



KPMG Endurskoðun Akureyri hf.

Rekstrarreikningur ársins 2000

	Skýr.	2000	1999
Rekstrartekjur:			
Raforkusala.....		466.084.115	434.482.434
Aðrar tekjur		36.262.604	42.158.954
	13	<u>502.346.719</u>	<u>476.641.388</u>
Rekstrargjöld:			
Rekstur raforkukerfis:			
Raforkukaup		339.361.731	308.227.023
Rekstur aðveitu- og dreifikerfis	14	52.629.017	30.194.692
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	15	50.533.121	63.013.458
Afskriftir	6	62.841.529	63.047.363
		<u>505.365.398</u>	<u>464.482.536</u>
(Rekstrartap) -hagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(3.018.679)	12.158.852
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Fjármagnsliðir, nettó	2,16	<u>2.684.007</u>	<u>11.913.029</u>
(Tap) hagnaður ársins	8	<u><u>(334.672)</u></u>	<u><u>24.071.881</u></u>

Efnahagsreikningur - Eignir

	Skýr.	2000	1999
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Aðveitu- og dreifikerfi		867.511.127	832.632.455
Bífreiðar, vélar, áhöld og tæki.....		28.149.368	23.241.135
	6	<u>895.660.495</u>	<u>855.873.590</u>
Áhættufjármunir:			
Stofnfé	7	86.000.000	86.000.000
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	7	30.977.864	20.820.966
		<u>116.977.864</u>	<u>106.820.966</u>
	Fastafjármunir	<u>1.012.638.359</u>	<u>962.694.556</u>
Veltufjármunir:			
Birgðir	3	22.325.038	21.899.651
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur	4	93.748.561	83.204.010
Eigin stofnanir		10.883.958	5.552.319
Aðrar skammtímakröfur			37.538.993
Handbært fé:			
Markaðsverðbréf			13.564.483
Bankainnstæður		30.595.843	2.684.109
	Veltufjármunir	<u>157.553.400</u>	<u>164.443.565</u>
	Eignir samtals	<u><u>1.170.191.759</u></u>	<u><u>1.127.138.121</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2000

	Skýr.	2000	1999
Rekstrarhreyfingar:			
(Tap) hagnaður ársins		(334.672)	24.071.881
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður eigna		(591.722)	(9.266.949)
Afskriftir	6	62.841.529	63.047.363
Verðbætur		7.771.770	(570.966)
Breyting lífeyrisskuldbindinga		(3.705.619)	8.200.000
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	2	(2.894.017)	(3.778.590)
		<hr/>	<hr/>
Veltufé frá rekstri		63.087.269	81.702.739
		<hr/>	<hr/>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun) lækkun		(425.387)	5.041.968
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		26.994.442	(43.831.507)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		5.375.641	(1.331.504)
		<hr/>	<hr/>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		31.944.696	(40.121.043)
		<hr/>	<hr/>
Handbært fé frá rekstri		95.031.965	41.581.696
		<hr/>	<hr/>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum:			
Aðveitu- og dreifikerfi	6	(55.746.310)	(64.180.706)
Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki	6	(14.033.716)	(3.519.154)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		3.550.000	87.100.000
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		(9.123.049)	(106.250.000)
Eigin stofnanir, breyting		(5.331.639)	(6.745.372)
		<hr/>	<hr/>
Fjárfestingarhreyfingar		(80.684.714)	(93.595.232)
		<hr/>	<hr/>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		14.347.251	(52.013.536)
Handbært fé í ársbyrjun		16.248.592	68.262.128
		<hr/>	<hr/>
Handbært fé í árslok		30.595.843	16.248.592
		<hr/>	<hr/>






Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Hagnaður varð af rekstri veitunnar á árinu 2000 að fjárhæð 15,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé veitunnar í árslok nam 104,9 millj. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.


Stjórn og framkvæmdastjóri Hita- og Vatnsveitu Akureyrar staðfesta hér með ársreikning veitunnar fyrir árið 2000 með undirritun sinni.

Akureyri, 8. mars 2001.

Í stjórn veitunnar:

Framkvæmdastjóri:



Áritun endurskoðenda


Til stjórnar Hita- og vatnsveitu Akureyrar

Við höfum endurskoðað ársreikning Hita- og Vatnsveitu Akureyrar fyrir árið 2000. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 25. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum veitunnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu veitunnar á árinu 2000 efnahag hennar 31. desember 2000 og breytingu á handbæru fé á árinu 2000, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Akureyri, 8. mars 2001.



KPMG Endurskoðun Akureyri hf.

Rekstrarreikningur ársins 2000

	Skýr.	2000	1999
Rekstrartekjur:			
Tekjur hitaveitukerfis.....		518.569.775	515.190.998
Tekjur vatnsveitukerfis		153.431.527	139.764.333
Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna		46.900	8.111.620
	20	<u>672.048.202</u>	<u>663.066.951</u>
Rekstrargjöld:			
Rekstur hitaveitukerfis:			
Orkuvinnsla og framleiðsla	21	37.986.430	52.473.166
Aðveitukerfi	21	28.038.943	23.499.637
Dreifikerfi	21	24.506.032	23.379.892
Rekstur vatnsveitukerfis:			
Vatnsból	22	1.633.367	2.069.906
Aðveitukerfi	22	6.067.681	5.095.119
Dreifikerfi	22	10.553.801	11.766.920
Rekstur þjónustudeilda	23	32.392.555	14.660.009
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	24	58.365.715	58.926.555
Afskriftir	9	327.755.315	307.839.314
		<u>527.299.839</u>	<u>499.710.518</u>
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		144.748.363	163.356.433
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtagjöld af langtímaskuldum		(126.503.404)	(92.072.555)
Aðrir fjármagnsliðir, nettó		(2.795.141)	14.906.748
	2,3,25	<u>(129.298.545)</u>	<u>(77.165.807)</u>
Hagnaður ársins	14	<u>15.449.818</u>	<u>86.190.626</u>

Efnahagsreikningur - Eignir

	Skýr.	2000	1999
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Hitaveitukerfi:			
Borholur og búnaður		798.856.708	760.675.163
Aðalæð og kyndistöð		376.213.634	419.230.478
Dreifikerfi og aðrar eignir		783.260.117	827.822.591
Vatnsveitukerfi:			
Aðveituað		262.573.708	260.925.935
Dreifikerfi		191.932.474	198.739.820
	7	<u>2.412.836.641</u>	<u>2.467.393.987</u>
Aðrir rekstrarfjármunir		25.659.096	25.049.790
	8	<u>25.659.096</u>	<u>25.049.790</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	11	116.977.864	106.820.966
Verðbréfaeign	12	42.555.592	43.000.000
Næsta árs afborganir	12	(2.239.768)	(2.150.000)
		<u>157.293.688</u>	<u>147.670.966</u>
Fastafjármunir		<u>2.595.789.425</u>	<u>2.640.114.743</u>
Veltufjármunir:			
Birgðir	4	15.530.040	13.522.991
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur	5	62.941.657	59.948.504
Eigin stofnanir		29.251.651	
Aðrar skammtímakröfur		5.645.016	8.484.430
Næsta árs afborganir langtímakrafna.....	12	2.239.768	2.150.000
Handbært fé:			
Skammtímaverðbréf			122.137.014
Bankainnstæður		15.905.238	20.009.740
Veltufjármunir		<u>131.513.370</u>	<u>226.252.679</u>
Eignir samtals		<u>2.727.302.795</u>	<u>2.866.367.422</u>

31. desember 2000 - Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2000	1999
Eigið fé:			
Eiginfjárreikningur	13	<u>104.941.609</u>	<u>209.374.340</u>
Skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbindingar	15	<u>156.300.000</u>	<u>152.600.000</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir	16	<u>2.161.292.506</u>	<u>2.202.873.922</u>
Skammtímaskuldir:			
Eigin stofnanir			13.940.708
Næsta árs afborganir langtímaskulda	17	258.948.792	245.851.530
Ýmsar skammtímaskuldir		<u>45.819.888</u>	<u>41.726.922</u>
		<u>304.768.680</u>	<u>301.519.160</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>2.622.361.186</u>	<u>2.656.993.082</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u><u>2.727.302.795</u></u>	<u><u>2.866.367.422</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2000

	Skýr.	2000	1999
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins		15.449.818	86.190.626
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður eigna		(46.900)	(8.111.620)
Afskriftir	9	327.755.315	307.839.314
Verðbætur og gengismunur	25	243.707.770	(9.893.003)
Breyting lífeyrisskuldbindinga		(2.679.000)	6.100.000
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	2	(221.149.433)	(18.976.970)
		<u>363.037.570</u>	<u>363.148.347</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, hækkun		(2.007.049)	(5.735.942)
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(153.739)	17.777.350
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		4.092.966	(1.430.232)
		<u>1.932.178</u>	<u>10.611.176</u>
		<u>364.969.748</u>	<u>373.759.523</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum:			
Hitaveitukerfi	7	(149.531.290)	(77.848.140)
Vatnsveitukerfi	7	(16.557.305)	(18.852.789)
Aðrir rekstrarfjármunir	8	(7.084.358)	(10.920.842)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		679.462	129.528.836
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		(9.123.049)	(106.250.000)
Skuldabréfaeign, breyting		2.176.598	(43.000.000)
		<u>(179.439.942)</u>	<u>(127.342.935)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Afborganir langtímalána		(268.578.963)	(239.517.633)
Eigin stofnanir, breyting		(43.192.359)	11.217.464
		<u>(311.771.322)</u>	<u>(228.300.169)</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		<u>(126.241.516)</u>	<u>18.116.419</u>
Handbært fé í ársbyrjun		<u>142.146.754</u>	<u>124.030.335</u>
Handbært fé í árslok		<u>15.905.238</u>	<u>142.146.754</u>



NORÐURORKA

VATN · RAFORKA · VARMI

undirstaða lífs, heilsu og velmegunar

RANGÁRVÖLLUM · PÓSTHÓLF 90 · 602 AKUREYRI
SÍMI 460 1300 · FAX 460 1301
NETFANG nordurorka@akureyri.is